

## HAUSLAUSI BARNARÆNINGINN

„Hæ ég heiti Kristín og ég verð að segja ykkur frá einu svakalega sem gerðist um helgina”.

Byrjum bara á því þegar ég kom í skólann á föstudaginn, ég kom inn og hitti þar vini mína og þau voru öll klædd í búninga líka ég.

Svo byrjaði skóladagurinn og kennarinn var en ekki kominn og klukkan orðinn 07:30 og skólinn átti að byrja klukkan 07:15.

En svo kom Anna kennarinn okkar og sagði að við værum að fara í smá göngutúr í náttúrufræði í fyrsta tíma dags. Svo rétti ég upp hönd og spurði: „Er göngutúrin langur”

„Nei alls ekki” svaraði Anna

Svo var komið að náttúrufræði og allir krakkarnir klæddu sig í útiföt, svo fórum við út og byrjuðum að röltu, nú vorum við að fara að læra um kirkjugarði sem öllum fann svolítið ógvekjandi, það var líka svolítið dimmt úti af því það var bara ennþá morgunn.

Svo vorum við komin inní kirkjugarðinn hann var mjög drungalegur, þar voru málaðir litlir steypuveggir og málingin var farin að flagna af svo heyrðist líka svona einhverskonar talsmál sem við skyldum ekki og vissum heldur ekki hver var að tala það, en kennarinn okkar heyrði það ekki.

Við krakkarnir vorum mjög hrædd í þessum kirkjugarði svo keyrði svartur bíll framhjá og bakkaði svo að kirkjugarðinum og starði á okkur svo smá seinna steig svart klæddur maður út út bílnum en við sáum ekki í andlitið á honum þannig við vissum ekki hver þetta var.

Svo greip hann í Dag bekkjarbróðir okkar og hljóp uppí bíl og kallaði „ég gef ykkur vísbendingar ef þið vilji finna hann” og kastaði krumpuðu blaði í áttina að okkur, á blaðinu stóð.

Gömlu húsaskjólí langt út í hraun, inní litlum kjallara

Og gettu nú

Krökkunum brá svo mikið að lesa bréfið, svo kom Anna og las bréfið henni brá líka svakalega því neðst á blaðinu stóð ef þið finnið hann ekki eftir 3 tíma fer ég illa með hann.

Við byrjuðum öll að hugsa hvar hann gæti verið, þá datt mér einmitt í hug að í fyrra hafði mamma verið að segja mér frá einhveru gömlu húsi sem fólk var nýbúið að finna og þar var lítill drungalegur kjallari.

Ég öskraði „ég veit hvar hann er, ég veit það hann er í gamla húsinu sem fólk fann í fyrra sem er rétt hjá Hellu.

AKKÚRAT ,það er rétt, þessi settning á blaðinu passar best við þennan stað svaraði Anna .

En hvernig komumst við þangað við höfum bara 3 tíma sagði einn bekkjarbróðir minn .

Þá sagði Anna það fer einmitt rúta eftir 15 mín á Hellu tókum hana. Við Krakkarnir og Anna löbbuðum að srætó skýlinu þar sem rútan átti að stoppa, svo kom rútan 10 mín seinna og við stukkum inní rútuna.

Við komum á Hellu 1 klukkutíma seinna og þá höfðum við enn 1 klst og 45 mín til að finna Dag.

Við byjuðum að husga í hvaða átt við áttum að fara og föttuðum það eiginlega strax því það var sagt í fréttunum að það væri vestan við Hellu.

Við byrjuðum að labba og í hrauninu voru margar gjótur en sem betur fer datt engin ofan í neina svo sirka 40 mín seinna sáum við móta fyrir einhverju, okkur datt í hug að þetta væri gamla húsið þannig við hlupum að húsinu og viti menn þetta var það.

Við ætluðum að labba inn en dyrnar voru læstar, við reyndum öll að toga hurðina en ekkert gekk og það var bara 1 klst eftir. En ég sá reyndar einn glugga sem var gal opin, ég lét vita og við reyndum að búa til turn en það gekk ekki.

Þá datt mér í hug að búa til píramíta og það gekk á endanum en allir krakkarnir komust ekki inn því við þurftum að búa til svo háan píramíta þannig ég, Anna, Júlía, Gabríel, og Daníel fórum inn en á meðan voru hinir krakkarnir biðu úti.

Svo vorum við að reyna að finna kjallarann en hann var vel falin og bara 30 mín eftir.

Þannig Anna opnaði hurðina innan frá og allir krakkarnir komu inn og við burjuðum að leita og leita, svo 10 mín seinna þegar við ætluðum að gefast upp fann Júlía eitthvað lítið op fyrir aftan einhverja mynd og stigi niður og við skriðum þar inn þar var rosalega mikill reykur.

Þar sáum við Dag bundinn í stól með límband fyrir munninum, við sáum einhverja hreyfingu fyrir aftan hann þetta var svart klæddi maðurinn sem tók hann, hann stóð fyrir aftan hann og sagði við okkur „FARIÐI ÚT” við hlustuðum auðvitað ekki á hann og reyndum að losa Dag úr reipinu en þegar við vorum alveg að verða búin að losa hann rann tíminn út og 3 klst voru búnar, þannig svart klæddi maðurinn dró hníf upp úr vasanum en sem betur fer náðum við að losa hann einmitt þegar maðurinn var að taka hnífinn upp úr vasanum og við brunuðum út, og hlupum eins og fætur toguðu í burtu.

Maðurinn sást aldrei framan

# ENDIR